

FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2018

METROPOLIS, 10. SEPTEMBER KL. 14:15

THERE WILL BE BLOOD, 17. SEPTEMBER KL. 14:15

SVINALANGORNA, 24. SEPTEMBER KL. 14:15

HLÉ VEGNA RIFF 27. september til 7. október

FARGO, 8. OKTÓBER KL. 14:15

INGLORIOUS BASTERDS, 15. OKTÓBER KL. 14:15

VETRARFRÍ: 19. – 22. október

THE SHINING, 29. OKTÓBER KL. 14:15

ONE FLEW OVER THE CUCKOOS NEST, 5. NÓVEMBER KL. 14:15

120 BEATS PAR MINUTE, 12. NÓVEMBER KL. 14:15

PSYCHO, 19. NÓVEMBER KL. 14:15

THE SKIN I LIVE IN, 26. NÓVEMBER KL. 14:15

PAN'S LABYRINTH, 3. DESEMBER KL. 14:15

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís



METROPOLIS 10. SEPTEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Þögul mynd/vísindaskáldskapur/drama

FRAMLEIÐSLULAND: Þýskaland

LENGD: 129 mín

LEIKSTJÓRI: Fritz Lang

LEIKARAR: Alfred Abel, Brigitte Helm, Gustav Frölich

TUNGUMÁL: Þögul með textaskiltum

Metropólís eftir Fritz Lang frá árinu 1927 þykir vera ein af mikilvægustu verkum þýska expressjónismans, tímabils sem hófst 1918 og stóð til 1933. Hún þykir ekki síður mikilvæg í kvikmyndasögunni sjálfri og er á Memory of the World hjá Lista- og menningardeild Unesco sem listaverk á borð við verk Goethes, Schillers, Shakespeares og fleiri.

Myndin er spásögn af heimi 21. aldar þar sem yfirstéttin býr við öll þægindi í skýjakljúfaborg en lægri stéttin hefst við neðanjarðar í stöðugum þrældómi. Brátt tekur glundroðinn fyrir tilstilli brjálaðs vísindamanns og vélmennis en Fritz Lang reyndi að túlka þessa spásögn eða útópíu með ljóðrænum aðferðum sem þóttu sérstakar á þessum tíma.

THERE WILL BE BLOOD 17. SEPTEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Drama, 2008

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 158 mínútur

LEIKSTJÓRI: Paul Thomas Anderson

LEIKARAR: Daniel Day-Lewis, Ciarán Hinds, Paul Dano

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

There Will Be Blood er lauslega byggð á skáldsögu Upton Sinclair frá 1927 en titillinn sjálfur er vísun í blóðpláguna í annarri Mósebók. Myndin segir frá Daniel Plainview, manni sem svífst einskis til að ná auði og völdum, oft á kostnað annarra. Þegar hann fréttir að hægt sé að kaupa land þar sem vinna má olíu fyrir lítinn pening setur hann upp aðstöðu til olíuvinnslu en lendir í átökum við Eli Sunday, prédikara og heilara sem er staðráðinn í að byggja eigin kirkju.

Myndin hlaut tvönn Óskarsverðlaun, þar af fyrir besta leikara í aðalhlutverki.

SVINALANGORNA 24. SEPTEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Drama, 2010

FRAMLEIÐSLULAND: Svíþjóð

LENGD: 99 mínútur

LEIKSTJÓRI: Pernilla August

LEIKARAR: Noomi Rapace, Ola Rapace, Tehilla Blad

TUNGUMÁL: Sænska með íslenskum texta

Leena er hamingjusamlega gift og á tvær dætur. Skömmu fyrir jól er hringt í hana frá sjúkrahúsi í bænum þar sem hún ólst upp og henni sagt að móðir hennar sé að deyja. Hún leggur af stað ásamt fjölskyldu sinni til að hitta móður sína og þarf að takast á við margvíslegar tilfinningar vegna myrkrar æsku sem hún hefur aldrei gert upp.

Myndin var heimsfrumsýnd á gagnrýnendaviku í Feneyjum 2010 þar sem hún hlaut Audience-Critics Week verðlaunin og UNESCO-Hope verðlaunin. Þess má geta að Noomi Rapace sem leikur Leenu lék hlutverk Lisbet Salander í Millenium-þrífleiknum.

HLÉ VEGNA RIFF 27. september til 7. október

FARGO – 8. OKTÓBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Drama, spennutryllir, 1996

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 98 mínútur

LEIKSTJÓRI: Joel og Ethan Coen

LEIKARAR: William H. Macy, Frances McDormand, Peter Stormare

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Joel og Ethan Coen eru vel þekktir í kvikmyndaheiminum sem sjálfstæðir kvikmyndagerðarmenn og höfundaleikstjórar. Yfirleitt gera þeir kvikmyndir í sameiningu og í kvikmyndum þeirra má sjá augljós höfundareinkenni. Að því leyti halda þeir uppi merkjum óháðra kvikmyndagerðarmanna og gera ekki formúlukenndar kvikmyndir að hætti Hollywood.

Fargo er ein þekktasta mynd Coenbræðra. Hún fjallar um Jerry sem vinnur á bílasölu tengdaföður síns og er í fjárhagsvandráðum. Til að koma sér úr klandrinu ákveður hann að fá tvo menn til að ræna eiginkonu sinni og krefjast lausnargjalds frá auðugum tengdaföður sínum.

Myndin var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlutu Coenbræður verðlaunin fyrir besta frumsamda handritið og Frances McDormand fyrir besta leik í aðalhlutverki.

INGLORIOUS BASTERDS – 15. OKTÓBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Drama, hasar, 2009

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 153 mínútur

LEIKSTJÓRI: Quentin Tarantino

LEIKARAR: Brad Pitt, Mélanie Laurent, Christoph Waltz.

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Myndin segir frá bandarískri herdeild sem er send inn á mitt yfirráðasvæði Þjóðverja í seinni heimstyrjöldinni til þess að drepa eins marga þýska hermenn og hún mögulega getur og brjóta niður liðsandann í hernum. Þeir eru orðnir svo færir í þessu að þeir hafa fengið viðurnefnið The Basterds meðal Þjóðverja. Seinna þá vinna þeir með breskum yfirmanni sem sendur var til að búa til áætlun um að drepa nokkra háttsetta þýska foringja við frumsýningu kvikmyndar sem á að fjalla um hetjudáðir þýsks hermans. En eitthvað fer úrskaiðis þegar þeir hitta tengilið sinn, þýska leikkonu, og allir liðsmenn hópsins sem tala þýsku eru drepnir, sem verður til þess að flækja málin dálítið. (Kvikmyndir.is)

VETRARFRÍ: 19. – 22. október

THE SHINING

29. OKTÓBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Hrollvekja, 1980

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin/Bretland

LENGD: 143 mínútur

LEIKSTJÓRI: Stanley Kubrick

LEIKARAR: Jack Nickolson, Shelley Duvall, Scathman Crothers, Danny Lloyd

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Stephen King og fjallar um Jack Torrance, fyrrverandi kennara og rithöfund sem ákveður að gerast húsvörður á hóteli yfir vetur. Hann ætlar að skrifa bók, sem honum hefur gengið illa með og ekki batnar það við komuna á hótelið. Sonur hans, Danny, hefur yfirmáttúrulega hæfileika sem kallast "Shining". Í ljós kemur að hótelið á sér óhugnanlega sögu og brátt fara dularfullir atburðir að gerast.

Kvikmyndir Stanley Kubrick hafa markað tímamót í kvikmyndasögunni, en á meðal þekktustu mynda hans eru Dr. Strangelove, 2001: A Space Odyssey og A Clockwork Orange.

ONE FLEW OVER THE CUCKOOS NEST 5. NÓVEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Drama, 1975

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 133 mínútur

LEIKSTJÓRI: Milos Forman

LEIKARAR: Jack Nicholson, Danny DeVito, Louise Fletcher

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Milos Forman er einn af forsprökkum tékknesku nýbylgjunnar en settist að í Bandaríkjunum til að gera kvikmyndir. Hann er einna þekktastur fyrir Amadeus, Hair og Gaukshreiðrið. Myndir hans fjalla oft um tjáningarfrelsi og baráttu einstaklingsins við skrifræði eða stofnanir.

Gaukshreiðrið gerist á stofnun fyrir geðsjúka og segir frá smákrimma að nafni McMurphy sem læst verða geðveikur til að losna við vinnu í fangelsinu. Allar daglegar venjur á geðsjúkrahúsinu eru gríðarlega fastar í skorðum þar sem yfirhjúkrunarkonan Ratched er með óskorað vald. McMurphey reynir að breyta ýmsum reglum til að gera sjúklingana virkari og glaðari, en fær Ratched upp á móti sér.

Myndin vakti mikla athygli fyrir að beina sjónum almenningi að aðbúnaði geðsjúkra á þessum tíma og hlaut fimm Óskarsverðlaun, en Jack Nicholson og Louise Fletcher hlutu bæði Óskarsverðlaun fyrir bestan leik í aðalhlutverki.

120 BEATS PAR MINUTE

12. NÓVEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Drama, 2017

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland

LENGD: 140 mínútur

LEIKSTJÓRI: Robin Campillo

LEIKARAR: Nahuel Pérez Biscayart, Arnaud Valois, Adèle Haenel

TUNGUMÁL: Franska með íslenskum texta

Hvað þarf til að berjast gegn heimsfaraldri? Með þekkingu, hugrekki og þrautseigju að vopni berst hópur fólks sem aktívistar til að fræða fólk um AIDS. Franski leikstjórinn Robin Campillo teflir hér fram stórkostlegri kvikmynd byggða á Parísarhópnum sem lagði líf og sál í aktivisma snemma á tíunda áratugnum.

Myndin var í keppni á kvikmyndahátíðinni á Cannes 2017 þar sem hún hluta GRAND PRIX aðalverðlaun dómnefndar sem spænski leikstjórinn Pedro Almodóvar stýrði. Kvikmyndin hlaut Queer Palm verðlaunin, FIPRESCI og aðalverðlaun International Cinephile Society Awards. Myndin var tilnefnd til LUX PRIZE verðlaunanna 2017.

PSYCHO

19. NÓVEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Sálfræðilegur spennutryllir, 1960

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin.

LENGD: 109 mínútur

LEIKSTJÓRI: Alfred Hitchcock

LEIKARAR: Janet Leigh, Anthony Perkins, Vera Miles

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Alfred Hitchcock er einn mikilvægasti kvikmyndaleikstjóri sem uppi hefur verið, en hann lagði grundvöllinn að kvikmyndagerð eins og við þekkjum hana í dag. Hann gerði kvikmyndir á þögla tímabilinu og eftir hljóðbyltinguna svo saga hans spannar sögu kvikmyndanna. Hann fann upp aðferðir við klippingu og kvikmyndatöku sem nánast allir leikstjórar nota í dag og teiknaði hvert einasta atriði áður en hann festi það á filmu, en hann var lærður tækniteiknari.

Psycho segir frá Marion Crane sem starfar á skrifstofu. Kærasti hennar, Sam, getur ekki gífst henni vegna tekjuleysis svo dag nokkurn ákveður Marion að stela peningum frá vinnuveitanda sínum, fara úr bænum og byrja nýtt líf með Sam. Á leiðinni ákveður hún að gista á Bates-vegahótelinu þar sem hún hittir feiminn og hlédrægan mann að nafni Norman Bates.

Psycho sló öll aðsóknarmet og Hitchcock notaði nýstárlegar aðferðir til að segja æsispennandi sögu sem hefur staðist tímans tönn.

THE SKIN I LIVE IN

26. NÓVEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Drama, spennutryllir, 2011

FRAMLEIÐSLULAND: Spánn

LENGD: 117 mínútur

LEIKSTJÓRI: Pedro Almodóvar

LEIKARAR: Antonio Banderas, Marisa Paredes, Elena Anaya

TUNGUMÁL: Spænska með enskum texta

Myndir Almodóvars eru yfirleitt samsettar af flóknum, margslungnum sögum sem tengjast og bera sterkan keim af sápuóperum, harmleikjum og gleðileikjum. Almodóvar notar sterka liti í myndmálinu sem oft eru táknrænir. Hann nota jafnframt leikrit, dans eða önnur listform sem hann fléttar inn í verkin. Nokkur siðferðisstef sem eru Almodóvar hugleikin eru ástríður, fjölskyldutengsl, kynhneigð og leit einstaklingsins að sjálfum sér.

Í *La piel que habito* sækir Almodóvar í smiðju Frankenstein en í myndinni leikur Antonio Banderas skurðlækninn Robert Ledgard sem hefur gengið í gegnum mikla sorg eftir lát eiginkonu sinnar og dóttur. Hann er að gera umfangsmiklar tilraunir í því skyni að finna upp húð sem þolir eld, skordýrabít og annan skaða, en leynir samstarfsmenn sína hvernig hann fer að því. Hann heldur ungri konu að nafni Vera fanginni á heimili sínu með aðstoð ráðskonu sinnar sem er í rauninni móðir hans.

Myndin hlaut BAFTA-verðlaunin fyrir bestu erlendu myndina og 16 Goya-verðlaun.

PAN'S LABYRINTH 3. DESEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Drama, fantasía, 2006

FRAMLEIÐSLULAND: Mexíkó

LENGD: 118 mínútur

LEIKSTJÓRI: Guillermo del Toro

LEIKARAR: Ivana Baquero, Sergi López, Maribel Verdú

TUNGUMÁL: Spænska með enskum texta

Pan's Labyrinth gerist á Spáni sumarið 1944, fimm árum eftir spænska borgarastríðið þegar Franco er tekinn við völdum. Hin unga Ófelía flyst út í sveit með móður sinni og stjúpfaðir sem er yfirmaður í hernum. Móðir Ófelíu veikist og stjúpfaðirinn er grimmdin uppmáluð. Til að flýja raunveruleikann leitar Ófelía í ævintýrin og uppgötvar goðsagnakennda veröld í yfirgefnu völundarhúsi og kynnist dularfullum töfraverum sem hjálpa henni að komast í gegnum þrautirnar í völundarhúsinu.

Myndin hlaut einróma lof gagnrýnenda og þrenn Óskarsverðlaun auk BAFTA-verðlaunanna 2007. Nýjasta mynd leikstjórans, The Shape of Water hlaut Óskarsverðlaunin 2017.

VORÖNN 2019

1. APOCALYPSE NOW – FRANCIS FORD COPPOLA
2. HEAVENLY CREATURES – PETER JACKSON
3. AMORES PERROS – ALEJANDRO GONZALES INARRITU
4. MAGNOLIA – PAUL THOMAS ANDERSON
5. A STREETCAR NAMED DESIRE – ELIA KAZAN
6. ALL ABOUT MY MOTHER – PEDRO ALMODÓVAR
7. VERTIGO – ALFRED HITCHCOCK
8. DANCER IN THE DARK EÐA MELANCHOLIA – LARS VON TRIER
9. CITIZEN KANE – ORSON WELLES
10. HISTORY OF VIOLENCE – DAVID CRONENBERG
11. THREE COLOURS RED – KRZYZSTOF KIESLOWSKI
12. EUROPA EUROPA – AGNIESZKA HOLLAND

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís



